



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2025
USK25090342

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 19. nóvember 2025 um eftirfarandi mál:

Uppsögn á samningum bílastæðasjóðs um rekstur gjaldskyldu fyrir einkaaðila

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 13. október 2025, þar sem lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki uppsögn á samningum bílastæðasjóðs um rekstur gjaldskyldu fyrir eftirtalda einkaaðila, gjaldsvæði 4 (P4). Þetta eru eftirtaldir aðilar: Landspítalinn, stæði við Eiríksgötu 5 og í Fossvogi, HR við Menntaveg og Húsfélagið Borgartúni 8-16 og Katrínartúni 2.
Samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Það er eðlilegt að Bílastæðasjóður einbeiti sér að því að reka og sinna eftirliti með þeim bílastæðum sem eru í borgarlandi, fremur en að taka að sér slík verkefni fyrir einkaaðila. Fulltrúar samstarfsflokka hvetja þó eindregið til að eigendur stæðanna sjái til þess að aðgengi að þeim sé gott, einkum og sér í lagi fyrir þau sem eru hreyfihömluð. Við beinum því til þessara eigenda að meðalhófs verði gætt við innheimtu.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúa Viðreisnar:

Fulltrúi Viðreisnar fagnar þess að borgin stígi út af samkeppnismarkaði þegar það kemur að lóðum annarra í borgarlandinu og vonast fulltrúinn eftir að rekstraraðilar sem nýtt hafa þjónustuna til þessa finni farsæla leið með fjölda þeirra aðila sem bjóði nú upp á þjónustu við innheimtu gjalda fyrir notkun bílastæða í borginni.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjöl: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 13. október 2025



Reykjavík



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 12. nóvember 2025
USK25090342

TILLAGA

Uppsögn á samningum bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar um rekstur gjaldskyldu fyrir einkaaðila

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi:

- Að segja upp samningum Bílastæðasjóðs um rekstur gjaldskyldu fyrir einkaaðila, gjaldsvæði 4 (P4). Þetta eru eftirtaldir aðilar: Landspítalinn, stæði við Eiríksgötu 5 og í Fossvogi, HR við Menntaveg og Húsfélagið Borgartúni 8-16 og Katrínartúni 2.

Greinargerð: Frá árinu 2006 hefur Bílastæðasjóður verið með eftirlit með gjaldskyldum svæðum innan lóða við stofnanir og fyrirtæki, gjaldsvæði 4. Lengi vel var Bílastæðasjóður eini aðilinn sem gat sinnt þessari þjónustu en síðustu ár hafa orðið tækniframfarir í eftirliti með lagningu bifreiða inná lóðum (t.d. myndavélaeftirlit).

Einkaaðilar hafa komið inná þennan markað og því ekki lengur ástæða til þess að Bílastæðasjóður sé að bjóða uppá þessa þjónustu á samkeppnismarkaði. Svæðum innan lóða sem bílastæðasjóður hefur eftirlit með hefur fækkað að undanförunu þar sem lóðarhafar hafa sagt upp sambærilegum samningum og leitað til einkaaðila, nú síðast Háskóli Íslands.

Í viðkomandi samningum um gjaldskyldu á lóð einkaaðila, gjaldsvæði 4 kemur fram að samningur er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara. Hvenær Reykjavíkurborg hættir þjónustunni er samkomulagsatriði milli viðkomandi lóðarhafa og Reykjavíkurborgar.

Verði tillagan samþykkt er óskað eftir því að það sé áframsent Borgarráði til afgreiðslu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri